

15 ljósi um leið, að æskilegt væri, að fengnar væru skýrslur um, að hve miklu leyti sameining þessara tveggja embætta væri heppileg, og að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem nú er laust, væri eigi veitt, fyr en alþingi hefði fengið færi á enn á ný að íhuga málið, þegar búið væri að fá skýrslur þær, sem nefndar voru. Auk þess hafði þjer tekið fram, að sameining þessara tveggja sýslumannsembætta mundi að yðar ætlan eigi vera allt of miklum erfiðleikum bundin, og samkvæmt því hafði þjer lagt það til, að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem sýslumaðurinn í Strandasýslu nú sem stendur hefur á hendi ásamt sínu eigin embætti, og sem enginn enn hefur sótt um, verði ekki veitt fyrst um sinn, og að yður verði veitt heimild til að heimta skýrslur, einkum frá hlutadeigandi sýslumanni og sýslunefndum, viðvíkjandi fullkominni sameiningu á sýslumannsembættunum í þessum tveimur sýslum í eitt embætti.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tilkynnt, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar, og býst jeg við, að þjer gjörði þóknanlega ráðstöfun til, að afla nauðsynlegra upplýsinga, að því er snertir framkvæmd á sameiningu þessari.

16 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um byggingu eyðingarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. — Með þóknanlegu brjefi, 23. nóvbr. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta alþingi, um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m., sem meðal aunars fer því fram, að allar þjóðjarðir þær í nefndu umbodi, sem nú eru í eyði og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeir svari venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því sem um semur, og sömuleiðis, að allar jarðir þær, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skuli auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar — og hafði þjer lagt það til, að ráðgjafinn veiti samþykki til, að ráðstöfun sú, sem þannig er farið fram á, verði framkvæmd.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða, að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg hjer með samþykki tillögu yðar og veiti yður heimild til að gjöra það, sem nauðsynlegt er, til framkvæmdar greindri ráðstöfun.

17 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð. — Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, 29. nóv. f. á., hefur hans hátign konunginum 10. p. m. þóknast allramildilegast að fallast á, að hálfu Mýrarkot í Grímsneshreppi í Árnessýslu, eign Mosfellskirkju, megi afhendast ekkjunni Helgu Guðmundsdóttur í Vatnsholti, í jarðaskiptum fyrir eign hennar, þriðjung jarðarinnar Minna-Mosfells í sama hreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði, að því er afgjaldsskyldu snertir, skoðuð framvegis sem bændaeign, en hin síðarnefnda jörð sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.